

Hverfisráð Hríseyjar

124. fundur

Sunnudaginn 24. febrúar 2019 kl 16:00 var haldinn 124. fundur hverfisráðs í Hlein. Mætt voru: Ólafur Búi Ólafsson, Kristinn Frímann Árnason og Claudia Werdecker.

Dagskrá:

1. Fara yfir verkefni

Farið yfir verkefni sem eru framundan.

2. Fara yfir verkefnalista frá fyrri formanni

Farið yfir verkefnalista frá fyrri formanni og rætt hvort hægt sé að koma verkefnum í framkvæmd. Nánar var rædd sjósundaðstaðan við Austurveg og að það ætti að nota tækin, sem eru komin í eyjuna vegna vinnu við Austurveg, í að laga og bæta aðstöðuna.

3. Framkvæmdafé/Umhverfis- og mannvirkjasvið

Áætlað er að setja upp hugmyndakassa í Hríseyjarbúðinni þar sem íbúar geta skilið eftir ábendingar. Að lokinni kostnaðargreiningu verður íbúakosning um hvaða hugmyndir eigi komast í framkvæmd.

4. Önnur mál

Opnunartími sundlaugar um páska ræddur.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl 17:00.

Ólafur Búi Ólafsson
Kristinn Frímann Árnason
Claudia Werdecker

Fundargerð rituð af Claudiu Werdecker